


» Og eins og sannur listamaður var hann ofurvíðkvæmur en var um leið eiginlega dæmdur til að hrífa fólk með sér. 33

## Svívar tapa gullkálfi

### Bíóhús í Colorado fær amerískan rétt að myndum Bergmans



Ingmar Bergman

SVENSK Film-industri, stærsti kvikmyndaframleiðandi Svíþjóðar, hefur tapað rétti sínum á kvikmyndum Ingmars Bergmans í Bandaríkjunum til Isis-kvikmyndahússins í Colorado. Isis eignast þar með sýningarrétt á öllum myndum sænska meistarans í Bandaríkjunum, en dómun samkvæmt kemur yfirtaka réttarins á móti skuld Svensk Film-industri við Isis og vanefnda á samningi.

Málið má rekja aftur til ársins 1997 þegar SF og Isis gerðu með sér samkomuleg um umfangsmiklar framkvæmdir við að breyta Isis í stórt kvikmyndahús með mörgum söllum. SF ætlaði að leigja kvikmyndahúsið, en þegar samstarfsaðili sænsku kvikmyndaframleiðandanna við verkefnið, Resort Theaters of America, varð gjaldþrota taldi SF grundvöll samningsins við Isis brostinn. Isis fór í mál við SF og vann 8,9 milljónir dala í bætur, sem SF neitaði að greiða. Í kjölfarið fékk Isis réttinn að myndunum skráðan sem sinn, hjá Bandarísku einkaréttarstofnuninni.



Kát Kurnikova við Pútín-verkið

## Pútín malar

MÁLVERK eftir Vladimir Putin, forsætisráðherra Rússa, seldist fyrir andvirði 140 milljóna króna á uppboði í Pétursborg um helgina. Uppboði var haldið til styrktar krabbameinsjúkum börnum og það var galleristinn Natalía Kurnikova sem keypti. Verkið sýnir frostrósóttan kofaglugga, en að öðru leyti fer fáum sögum af færni listmálarans.

## Myndlist Þekkirðu verkin í þínu hverfi?

ÚTILISTAVERKIN í Reykjavík er nú hægt að skoða á netinu, á vefnum borgarvefsja.is. Þegar þangað er komið er smellið í valglugga efst í vinstra horni og hakað við orðið Listaverk. Þá koma merki á borgarkortið, og hvert þeirra táknar eitt listaverk. Ef smellið er á „i“ má nálgast upplýsingar um verkin, staðsetningu, höfundu þeirra og ártöl.



Vatnsberinn er þekkt kennileiti.

Þegar kortið er skoðað kemur í ljós að langflest verkanna eru staðsett í miðborginni og gamla austurbænum. Þrjú verk eru í Breiðholtshverfum, tvö í Grafarvogi, tvö við strandstígginn við Korpúlfsstaði og eitt verk í Árbæjarhverfi.

## Tónlist Indígó og Marþöll stilla til friðar

ÆVINTÝRAHEIMUR ófétanna heitir ný barna-plata með söngvum eftir Rúnu K. Tetzchner og Ósk Óskarsdóttur. Ósk er höfundur tónlistarinnar, en Rúna semur söngtextana og malar myndir í plötupésunum þar sem textarnir eru birtir.



Rúna K. Tetzchner og Ósk Óskarsdóttir

Á plötunni er sungið um ófétin, litlar verur sem búa í blómum og fljúga á fiðrildum. „Ófétin minna á blómálfa, en hafa krækiklær,“ segir á plötu-umslagi. Þau slást og rífast, þar til friðarkóngurinn Indígó og töfradrottningin Marþöll stilla til friðar. Auk höfundanna koma ýmsir tónlistarmenn fram á plötunni auk barna- og unglingakóra Bústaðakirkju.

## Hönnun Hönnunarkeppni innblásin af Erró

HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ Íslands, verslunin Kraum og Listasafn Reykjavíkur standa fyrir nýstárlegri hönnunarsamkeppni sem felst í því að hanna nytjahlut með innblástri eða tilvísun í listaverk eftir Erró. Af því tilefni boða aðstandendur keppinnar til fundar í Hafnarhúsinu miðvikudaginn 21. janúar kl. 12.00 þar sem keppnin verður kynnt og gögnum dreift. Verðlaunahafi hlýtur verðlaun að verðmæti 500.000 kr. sem Kraum, Listasafn Reykjavíkur og Samtök iðnaðarins leggja til auk þess sem hluturinn verður seldur í Hafnarhúsinu og í verslunum Kraums.



Dauðadansinn eftir Erró.

# Fjandinn hleypur í Listahátíð

■ Fyrsta færeyska óperan, Í Óðamansgarði eftir Sunleif Rasmussen, verður flutt á Listahátíð í vor ■ Tjóðpallurinn og Þjóðleikhúsið hafa samstarf um sýninguna

Eftir Bergþóru Jónsdóttur  
beggja@mbl.is

ÓPERA eftir færeyska tónskáldið Sunleif Rasmussen verður sýnd á Listahátíð í vor. Uppfærslan er samstarfsverkefni hátíðarinnar og Þjóðleikhússins þar sem óperan verður sýnd. Þjóðleikhúsið er í samstarfi við Tjóðpallinn, Þjóðleikhús Færeyinga um uppfærsluna. Textasmíður er Dánial Hoydal.

Hrefna Haraldsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar, segir að íslenskir og færeyskir listamenn sam- einist í verkefninu. „Þetta er fyrsta færeyska óperan, og hefur aðeins einu sinni áður verið flutt. Það var í Norðurlandahúsinu í Færeyjum 2006. Þarna verða íslenskir söngvarar og dansarar og færeyskir leikarar. Leikstjóri uppfærslunnar er færeysk, Ría Tórgarð, Lára Stefánsdóttir semur dansana, Elísa Heinesen afabarn skáldsins er leikmyndahönnuður, hljóðfæra- leikarar verða færeyskir og íslenskir og Bernharður Wilkinson stjórnar,“ segir Hrefna.

Efni óperunnar sækir Sunleif í sögu eftir landa sinn, William Heinesen. Sagan heitir á frummálinu Í Óðamansgarði, en í íslenskrri þýðingu Þorgeirs Þorgeirsonar heitir hún *Fjandinn hleypur í Gamaliel*. Óperan verður flutt á færeysku en texti byggður á þýðingu Þorgeirs verður á textaskjá. „Sagan er um ungt par, Marselíus og Stellu og við sjáum hvernig þau horfast í augu við leyndardóma lífsins og ástina á sama tíma og þau feta sig eftir drungalegum og heillandi garði brjálæðingsins.

Það er ánægjulegt að fá tækifæri til þess að setja upp fyrstu færeysku óperuna á Íslandi og gaman að sjá hvernig listgreinarinnar vinna saman í verkefni. Þetta er spennandi og viðamikill verkefni á dagskrá hátíðarinnar.“

Þjóðleikhúsið og Tjóðpallurinn höfðu um tíma lagt drög að samstarfi, þegar hugmyndin að uppfærslu óperunnar kviknaði í vor. Hugmyndin er því ekki sprottin úr umræðum um vináttu þjóðanna í kjölfar kreppunnar. „En þetta smellpassar inn í samtímann og sýnir gagnkvæman áhuga þjóðanna á menning- arlegu samstarfi.“



Stella og Marselíus söngvarar í sýningunni verða Eyjólfur Eyjólfsson, tenór, Þóra Einarsdóttir, sópran, og Bjarni Thor Kristinsson, bassi. Hér sjást dansarar úr færeysku frumuppfærslunni árið 2006.

## Áhrif náttúru og skáldskapar

Sunleif Rasmussen er kunnasta tónskáld Færeyinga í dag. Árið 2002 hlaut hann Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir fyrstu sinfóníu sína, *Oceanic Days*. Sunleif Rasmussen er íslenskum tónleikagæstum einnig vel kunnur og verk hans hafa verið flutt hér, meðal annars af Caput.

Sunleif sækir neistann í tónlist sína víða. Sjálfur er hann góður djasspíanisti, lærði tónsmíðar í Noregi og Danmörku, og hefur líka

verið viðriðinn IRCAM raftónlistarmiðstöðina í París. Það verður þó ekki hægt að segja annað en að tónlist hans sé fyrst og fremst þjóðleg og færeyskur undirtónn er víða í verkum hans. Færeysk náttúra, kraftur, ljóðræna og dulúð hefur haft gríðarleg áhrif á tónsmíðar hans, en einnig verk stórskálds Færeyinga, Williams Heinesen. Eftirminnilegir eru tónleikar Caput 2002, með verkum eftir Rasmussen við ljóð eftir Heinesen.

# Hljóð af spegli

Pétur Már Gunnarsson undirbýr sýninguna *Mæri* sem opnuð verður í Listasafni Reykjavíkur á fimmtudag

Eftir Birgi Örn Steinarsson  
biggi@mbl.is

LISTAMAÐURINN Pétur Már Gunnarsson opnar á fimmtudaginn fyrstu sýningu ársins í D-sal Hafnarhússins, en sá hluti safnsins er helgaður yngri kynslóð listamanna. Um leið opnar Ásmundur Ásmundsson nýja sýningu sína í A-salnum.

Sýning Péturs heitir *Mæri* og er í senn hljóðskúlptúr og áþreifanlegur skúlptúr. Samkvæmt lýsingu listamannsins gæti verk hans endað sem þó nokkurt sjónarspil.

„Ég er að gera hljóðskúlptúr sem er í raun plötuspilari í yfirstærð,“ segir Pétur sem var á fullu við smíðar þegar blaðamaður hafði samband. „Þetta er kringlóttur spegill sem liggur á snúningsfæti á gólfinu. Á honum er ein rispá og svo les plötuspilaranál yfirborðið. Maður heyrir dempað hljóð, sem ég svo rétt magna upp, og svo rispuna.“

Spegillinn er um tveir metrar í þvermál og

hafði Pétur ekki enn ákveðið hvort hann ætlaði að nýta sér alla eiginleika hans eður ei. „Hann endurvarpar náttúrulega öllu sem lendir á honum. Áhorfendum, loftinu og veggjunum. Það er þessi pæling um *mæri*. Mér finnst þetta mjög einfalt og skýrt táknmál fyrir skil, eða mörk. Takmarkað svæði. Í þeim tilraunum sem ég hef gert með speglum hef ég komist að því að það er alltaf einhver smábrenslun í þeim. Þó svo að þeir séu alveg sléttir er eins og það sé þínu bjögum í spegluninni. Hann ruglar aðeins með umhverfið.“

### Ritstjóri Rafskinnu

Pétur útskrifaðist úr Listaháskólanum í Vín í Austurríki fyrir rúmum tveimur árum. Hann hefur þó ekki verið mjög áberandi í listalífnum eftir að hann kom heim. Aðallega vegna þess að hann hefur verið að sinna störfum sínum sem ritstjóri tímaritsins *Rafskinnu* sem gefið er út í formi mynddisks og fjallar um íslenskt menningarlíf.



Morgunblaðið/Ómar

Pétur Már Gunnarsson stendur í ströngu við að klára verk sitt *Mæri* fyrir fimmtudag. Um er að ræða hljóðskúlptúr í þeim skilningi að hann gefur frá sér sitt eigið hljóð.

Það veur einnig athygli að á heimasíðu Listasafnsins er kynningarmyndin af Pétri tvöföld. Eða svo virðist í fyrstu vera. Í raun er þarna á ferð mynd af Pétri við hlið manns er dó fyrir um hundrað árum. „Þessi maður heitir Þórður Þóríksson og ég er tvífari hans. Hann fluttist vestur í kringum 1850 og tók upp mormónatrú,“ útskýrir Pétur en vinkona

hans benti honum á svipinn eftir að hafa reki- rist á mynd af Þórði í fræðibók. Pétur segir það við hæfi að nota þessa mynd af tvífar- a sinum við hugtakið *mæri*. „Við höfum þróast í svona svipaðar áttir útlitslega. Við erum svona sinn á hvorum stað á tímalínu. Svo er einhver ás sem liggur einhvers staðar á milli í tíma.“